

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1975

13. janúar 1975.

1

Nr. 1.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 27. janúar 1975, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

13. febr. 1975.

Nr. 2.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands
um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 12. febrúar 1975, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 11. febrúar 1975, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla sé lokið fyrir 1. mars 1975.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollfyrivalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok apríl 1975.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útflyttar sjávarafurðir skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisstil að frádregnum gengismun, sem hér segir:

- Fyrir afurðir framleiddar fyrir 1. september 1974 skal frádráttur nema 34%.
- Fyrir afurðir framleiddar á tímabilinu 1. september 1974 til 15. febrúar 1975 skal frádráttur nema 20%. Undanþegnar eru þó afurðir þorskveiða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 30. ágúst 1974 og ákvæði 3. málsgr.

Áður en umræddu fé er ráðstafað skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. febrúar 1975 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ákveða hækkun á magngjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sem ákveðið var með 5. gr. laga nr. 106 31. desember 1974, í samræmi við gengisbreytinguna og gildir frá og með 12. febrúar 1975 fyrir þær afurðir, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

4. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum, á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfa kaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengis tryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttaréttindi og mótvirði þeirra.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. febrúar 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.